

Ákvörðun nr. 29/2021

Fimmtudagurinn, 15. júlí 2021

Breyting á eignarhaldi Líflands ehf. í Nesbúeggjum ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Líflands ehf. (hér eftir „Lífland“) á 50% hlutafjár í Nesbúeggjum ehf. (hér eftir „Nesbúegg“). Fyrir samrunann átti Lífland helming hlutafjár Nesbúeggja, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2014, *Samruni Líflands ehf. og Nesbúeggja ehf.*, og mun því eitt fara með yfirráð yfir fyrirtækinu í kjölfar samrunans.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 5. júlí 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því að líða 6. júlí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði.
3. Starfsemi samrunaaðila sem starfa á lóðrétt tengdum mörkuðum er eftirfarandi:
 - a) Lífland framleiðir og selur fóður til kúa-, kjúklinga-, eggja-, svína-, kalkúna- og sauðfjárbænda. Auk þess framleiðir Lífland hestafóður. Annar hluti af starfsemi Líflands felst í að reka hveitimyllu og flytja inn ómalað hveitikorn, mala það og selja hveitiafurðir til bakaría, vinnslustöðva og til verslana í neytendapakkningum. Lífland selur einnig bakaríum og vinnslustöðvum aðrar vörur til framleiðslu svo sem sykur og íblöndunarefni. Þá flytur Lífland inn og selur vörur fyrir íslenska hestinn og hestamenn. Félagið stundar heildsölu til endurseljenda með umræddar vörur en auk þess rekur Lífland fimm verslanir, á Akureyri, Blönduósi, Borgarnesi, Reykjavík og Hvolsvelli.
 - Lífland á 100% hlut í félaginu Kornax ehf. sem framleiðir hveiti.
 - Lífland á 66,67% hlut í félaginu Granir ehf. sem er fasteignafélag um húsnæði tveggja verslana Líflands.
 - Lífland á 100% hlut í félaginu Söðlasmiðurinn ehf., engin starfsemi er í félaginu.
 - Lífland á fyrir samrunann 50% eignarhlut í Nesbúeggjum. Feier ehf. er fyrir samrunann meðeigandi Líflands að félaginu.
 - b) Nesbúegg rekur eggjabú og eggjavinnslu. Ætlað er að um þessar mundir séu í landinu nálægt 250 þúsund varphænur, en þar af er Nesbúegg með u.þ.b. 95.000 fugla eða um 38%. Það hlutfall hefur vaxið úr því sem var árið 2014, 33-34%. Tæp 10% fuglanna eru hænsn sem lúta lögmálum og reglum um lífræna ræktun.



4. Um er að ræða samruna sem varðar breytingu frá yferráðum tveggja aðila til yferráða eins aðila. Líkt og áður sagði var fjallað um samruna Líflands og Nesbúeggja í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2014. Í þeirri ákvörðun komst eftirlitið að þeirri niðurstöðu „að markaðir málsins séu sala á fóðri til eggjaframleiðslu annars vegar og framleiðsla og heildsala á eggjum hins vegar. Landfræðilegi markaðurinn er Ísland þar sem viðkomandi starfsemi samrunaaðila fer fram. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði má sjá að þrjú eggjabú sinna nær allri framleiðslu á eggjum fyrir dagvöruverslanir. Stærst þeirra eru Stjörnuegg og Nesbúegg. Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila má sjá að hlutdeild Nesbúeggs var undir 25% á heildsölumarkaði til dagvörumarkaða á árinu 2010 en stærst var Stjörnuegg með undir 55% markaðshlut. Sé markaðshlutdeild metin út frá 3 forðagæsluskýrslum 2012/2013 þá voru 203.600 varphænur í landinu og var Nesbúegg með þriðjung þeirra líkt og Stjörnuegg.
5. Af framangreindu telja stjórnendur Líflands að aukinn eignarhlutur félagsins í Nesbúeggi hafi engin samkeppnisleg áhrif í för með sér, hvorki á markaði fyrir egg né fóður. Félagið hafi fram til þessa selt Nesbúeggi fóður til eggjaframleiðslu og að starfsemi félagsins skarist ekki við starfsemi eggjabúsins. Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls má sjá að sameiginleg markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi mörkuðum málsins muni ekki breytast með tilkomu samrunans.“
6. Var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki væri tilefni til íhlutunar í samrunann þar sem engin atriði við rannsókn samrunans bentu til þess að hann raskaði samkeppni með umtalsverðum hætti.
7. Líkt og áður segir felur samruni í sér þá breytingu á yferráðum Nesbúeggja að Lífland mun hér eftir eitt fara með yferráð yfir félaginu. Í samrunaskrá kemur fram að engin breyting hafi orðið á starfsemi Líflands og Nesbúeggja sem hafi áhrif að þessu leyti frá árinu 2014 og engar breytingar séu fyrirhugaðar á starfsemi félagsins frá því sem verið hefur að undanskildu mögulegu auknu samstarfi við bókhald og dreifingu.
8. Í ljósi framangreinds er ekki tilefni til íhlutunar í málinu að mati Samkeppniseftirlitsins.

Ákvörðunarorð

„Kaup Líflands ehf. á Nesbúeggjum ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson